

**Nd.**

**184. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá allsherjarnefnd.

**1. gr.**

**26. gr. laganna orðist svo:**

Sé barnsfúlga sú, er barnsföður (meðlagsskyldum) er skylt að borga með óskilgetnu barni samkvæmt úrskurði valdsmanns eða samningi, staðfestum af valdsmanni, ekki greidd á réttum gjalddaga, og eigi móðir þess rétt til framfærslu hér á landi, þá er henni heimilt, áður en eitt ár er liðið frá gjalddaga, að krefjast þess, að fúlgan verði greidd henni af sveitarfé i dvalarsveit hennar, þó eigi meira en meðalmeðgjöf í þeirri sveit, er barnið dvelur í. En upphæð meðalmeðgjafa með óskilgetnum börnum ákveður atvinnumálaráðuneytið, að fengnum tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna, fyrir hvert sveitarfélag um 3 ár í senn, og skal miða meðalmeðgjöf við aldur barna, hinn sama á öllu landinu. Beiðni barnsmóður til dvalarsveitar skal fylgja meðlagsúrskurður valdsmanns, löglega birtur, eða samningur, staðfestur af honum og löglega birtur, og lífsvottorð barnsins, enda láti móðirin uppi þá skýrslu um framfærslusveit barnsföður (meðlagsskylds), sem hún er fær um.

Sama rétt og um ræðir í 1. mgr. á móðir óskilgetins barns, þó að barnsfaðir eigi ekki framfærslurétt hér á landi. Meðlag þetta endurgreiðist dvalarsveit úr ríkissjóði.

Nú hækkar meðalmeðlag samkvæmt ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins, og hefir þá barnsmóðir rétt til að krefjast þess, að dvalarsveit hennar, gegn endurgreiðslu frá framfærslusveit barnsföður, greiði henni hið auglýsta meðalmeðlag frá þeim tíma, er hið nýja meðalmeðlag gekk i gildi, án þess að meðlagsúrskurðinum þurfi að breyta með úrskurði valdsmanns.

Meðlagið skal talinn sveitarstyrkur til handa barnsföður (meðlagsskyldum) frá dvalarsveit móður, og fer um endurgjald á honum sem öðrum sveitarstyrk.

## 2. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Nú líða meira en 12 mánuðir frá því, að konan varð heil, eða meira en 12 mánuðir frá endanlegum dómi í barnsfaðernismáli, sem höfðað hefir verið innan lögákvæðins tíma, þangað til hún leitar dvalarsveitar út af gjaldkræfu framlagi samkvæmt 29. og 30. gr., og er dvalarsveit þá eigi skylt að inna það af hendi.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 15 31. maí 1927.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta miðar að því að bæta hag mæðra óskilgetinna barna.

### Um 1. gr.

1. mgr. er samhljóða 1. mgr. laga nr. 15 1927.

2. mgr. er nýtt ákvæði, sem heimilar barnsmóður rétt til þess að krefja dvalarsveit sína um meðalmeðlag með barni sínu, enda þótt barnsfaðirinn eigi ekki framfærslurétt hér á landi.

Þegar svo stendur á, þykir rétt, að ríkissjóður endurgreiði dvalarsveit meðalmeðlagið, þar sem dvalarsveit getur ekki endurkafið meðlagið frá framfærsluveit barnsföður. Hér verður um smávægileg útgjöld að ræða fyrir ríkissjóð, þar sem tilfelli þessi eru fá og að sjálfsögðu mun hlutaðeigandi ráðuneyti reyna að innheimta meðlagið hjá barnsföður.

3. mgr. er nýtt ákvæði. Þegar meðalmeðlag hækkar samkvæmt ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins, getur það oft verið erfiðleikum bundið fyrir barnsmóður að fá meðlag það, sem ákveðið er í meðlagsúrskurðinum, hækkað með nýjum úrskurði valdsmanns, þar sem barnsfaðir á heima, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 46 1921, og þykir því sanngjarnt að veita barnsmóður rétt til þess að krefjast hins hækkaða meðalmeðlags án undangengins úrskurðar valdsmanns. Þar sem meðalmeðlögin eru birt í B-deild Stjórnartíðindanna, virðist sérstök birting fyrir barnsföður ekki nauðsynleg.

### Um 2. gr.

Þegar höfða þarf barnsfaðernismál, hefir frestur sá, 6 mánuðir, sem tiltekinn er í 31. gr. laga nr. 46 1921, reynzt allt of stuttur. Í mörgum tilfellum hefir barnsmóðir glatað rétti sínum á hendur dvalarsveit til greiðslu barnsfararkostnaðar og styrks samkvæmt 29. gr. og 36. gr., þótt henni verði á engan hátt kennt um dráttinn.